

# EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	3.9.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Fyrirtæki</b>	H.B Grandi á Vopnafirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hafnarbyggð	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jörgen Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	691171,367 590414,525

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Fita í fráveituvatni mældist yfir starfsleyfismörkum, útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað og umhverfismarkmið liggja ekki fyrir. Gerð var athugasemd við að niðurstöður á sýnatöku á fráveituvatni vegna ársins 2014 bárust of seint. Leita þarf leiða til þess að draga úr hávaða með hliðsjón af skýrslu um hávaðamælingar frá verksmiðjunni. Minnt var á að fyrir árslok þarf að mæla ryk í útblæstri olíubrennara.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundi með fulltrúa fyrirtækisins í upphafi eftirlitsferðar var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem gerð var í kjölfar eftirlitsferðar þann 27. október 2014. Engin frávik komu fram í þeirri skýrslu en gerð var athugasemd við það að niðurstöðum frárennismælinga vegna ársins hafði ekki verið skilað þrátt fyrir að sýnataka hefði farið fram. Niðurstöður sýnatökunnar höfðu ekki borist þegar fyrirtækið var heimsótt vegna misskilnings á milli fulltrúa fyrirtækisins og verkfræðistofunnar sem annaðist sýnatökurnar. Skýrsla með niðurstöðum frárennismælinga ársins 2014 var send til eftirlitsaðila þann 10. september. Fita mældist yfir viðmiðunarmörkum en magn COD og svifagna er undir mörkum.

Vinnsla í verksmiðjunni hófst þann 17. janúar 2015 eftir um það bil tveggja mánaða stöpp. Tilkynnt var um gangsetningu verksmiðjunnar með tölvupósti til eftirlitsaðila, í samræmi við ákvæði í starfsleyfi. Það sem af er ári hafði verksmiðjan unnið úr um það bil 72.000 tonnum af hráefni. Fram kom að verksmiðjan er keyrð á lágum afköstum þessa dagana og vinnur eingöngu úr fráflokkuðu hráefni og afskurði frá frystihúsi jafnóðum og það fellur til. Hráefni er dælt úr frystihúsi og til verksmiðunnar eftir lokuðu kerfi. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í verksmiðjunni það sem af er ári og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem gefið var út þann 8. október 2014.

Samhliða mælingum á magni mengandi efna í fráveituvatni sem fram fóru í ágúst 2014 var hraði útblásturslofts frá skorsteini mældur í samræmi við grein 3.2. Útreiknaður hraði mældist 26,7 m/sek sem er innan starfsleyfismarkna sem eru 20 m/sek.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2014 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3. Skv. sömu grein á fyrirtækið einnig að skila útstreymisbókhaldi en því hefur ekki verið skilað. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 átti að skila inn í síðasta lagi 1. maí 2015.

Hávaði frá verksmiðjunni var mældur í september 2014 og skýrslu var skilað í janúar sl. Niðurstöður mælinganna benda til þess að hávaði á lóðarmörkum sé undir viðmiðunarmörkum hávaða frá atvinnustarfsemi á iðnaðar- og athafnasvæðum. Hávaði við íbúðarhúsnæði mældist í einhverjum tilfellum yfir viðmiðunarmörkum að kvöld og næturlagi en tekið er fram í skýrslunni að um sé að ræða samanlagðan hávaða frá öllu athafnasvæðinu sem verksmiðjan stendur á. Í skýrslunni er vakin athygli á hávaða frá útsogi í þaki. Að mati skýrsluhöfundar er æskilegt að draga úr honum og bent á að með góðri útfærslu væri hægt að draga úr hávaða frá útsoginu um allt að 20 dB.

Fyrirtækið hefur ekki skilað inn umhverfismarkmiðum í samræmi við grein 4.1. Umhverfismarkmiðum átti að skila inn fyrir 1. júní 2015 og þau á að endurskoða á 4 ára fresti.

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Verksmiðjugólf voru þurr og hrein, umhverfi snyrtilegt og umgengni góð. Hvergi var sjáanleg mengun af nokkru tagi sem rekja má til

starfseminnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.17 í starfsleyfi	Magn fitu í fráveituvatni er yfir starfsleyfismörkum
Grein 3.3. í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 hefur ekki verið skilað. Síðasti skiladagur var 1. maí 2015
Grein 4.1 í starfsleyfi	Umhverfismarkmið liggja ekki fyrir en þau áttu að liggja fyrir í eigi síðar en 1. júní 2015

#### ATHUGASEMDIR


Leita þarf leiða til að draga úr hávaða frá verksmiðjunni í samræmi við ábendingar sem koma fram í skýrslu verkfræðistofunnar Verkís um hávaðamælingar frá verksmiðjunni sem framkvæmdar voru í september 2014.

Niðurstöðum frárennismælinga vegna ársins 2014 var skilað of seint.

#### ANNAÐ

Minnt er á að mælingar á ryki í útblæstri allra olúbrennara þarf að framkvæma fyrir árslok 2015 skv. grein 3.2.

Reykjavík, 15.09.2015



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.